



Borgarráð

Fossvogslaug – samkeppni

Borgarráð og bæjarráð Kópavogs hafa samþykkt að efnt verði til samkeppni um hönnun Fossvogslaugar. Forsagnarhópur hefur unnið grunngögn og næsta skref að forsagnarhópur Fossvogslaugar muni í samráði við Arkitektafélag Íslands undirbúa samkeppni Fossvogslaugar. Er það í samræmi við viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Kópavogs um sameiginlega hönnunarsamkeppni um Fossvogslaug, frá 12. maí 2021.

Með undirbúningi samkeppni Fossvogslaugar þarf meðal annars að skipa dómnefnd og undirbúa samkeppnislýsingu fyrir samkeppni. Verið er að vinna að samgöngumati, greiningu á akstursleiðum, lýðfræðigreiningu, ferðavenjukönnun, öryggis- og áhættugreiningu o.fl. m.t.t. staðsetningu nýrrar laugar. Umræddar greiningar verða hluti af forsögn og samkeppnislýsingu. Sundlaugin skal byggð samkvæmt grænum stöðlum þar sem lögð verði áhersla á vistvæna hönnun. Stefnt er að því að sundlaugin veiti fjölbreytta upplifun og þjónustu fyrir nærliggjandi íbúasvæði og gesti Fossvogsdals og eigi þar með þátt í auka lífsgæði og sundmenningu á svæðinu.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og Kópavogs um Fossvogslaug, dags. 12.05.2021.

Forsögn um Fossvogslaug, dags. 30.03.2022.

Fossvogslaug – umferðargreining, minnisblað VSÓ ráðgjafar, dags. 07.01.2022.

Viljayfirlýsingu um Fossvogslaug

Kópavogsbær og Reykjavíkurborg eru sammála um að finna nýrri sameiginlegri sundlaug bæjarfélaganna, Fossvogslaug, stað um miðbik Fossvogsdals, í göngufæri frá grunnskólum dalsins, Snælandsskóla og Fossvogsskóla. Það er í samræmi við tillögur starfshóps sveitarfélaganna um Fossvogslaug og sameiginlega niðurstöðu skipulagssviða sveitarfélaganna.

Staðsetningin og umhverfið er einstakt sem felur í sér mikið tækifæri. Um leið er ljóst að aðgengi og umferð verður sá þáttur framkvæmdarinnar sem verður viðkvæmastur.

Framkvæmdin hefur ekki verið tímasett en það verður gert þegar hönnun og endanleg kostnaðaráætlun liggur fyrir. Gert er ráð fyrir að kostnaður skiptist til helminga, óháð endanlegri staðsetningu laugarinnar, út frá sveitarfélagamörkum.


Til að kalla fram bestu lausnir í verkefninu ætla aðilar að efna sameiginlega til hönnunarsamkeppni um Fossvogslaug í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Skipaður verði undirbúningshópur beggja sveitarfélaga með aðkomu skipulags, íþrótt- og tómstundasviða og skólasviða til að leggja grunn að keppnislýsingunni.

Ljóst er að staðsetning Fossvogslaugar kallar á breytingu á skipulagi beggja sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa haft heildardeilskipulag dalsins í undirbúningi í sameiningu. Lokið verður við það þegar niðurstaða hönnunarsamskeppni Fossvogslaugar liggur fyrir.

Viljayfirlýsing þessi var samþykkt í borgarráði 11. mars 2021 og bæjarstjórn 23. mars 2021.


Reykjavík, 12. maí 2021

F.h. Reykjavíkurborgar



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

F.h. Kópavogsbæjar



Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri



Fossvogslaug

Forsögn





Efnisyfirlit

1.	Almenn atriði	3
1.1	Inngangur.....	3
2.	Lýsing verkefnis	4
2.1	Undirbúningur	4
2.2	Markmið	4
2.3	Framtíðarsýn.....	4
2.4	Vistvæn hönnun	4
2.5	Hönnun og efnisval	4
2.6	Notendur	4
2.7	Starfsfólk.....	5
2.8	Aðalskipulag.....	5
2.9	Deiliskipulag.....	6
2.10	Keppnissvæðið.....	6
2.11	Ný Fossvogslaug	7
2.12	Lög og reglugerðir.....	7
3.	Þarfagreining og húsrýmisþörf	8
3.1	Almennt	8
3.2	Aðgengismál	8
3.3	Aðkoma.....	8
3.4	Afgreiðsla	8
3.5	Veitingasala	8
3.6	Sjúkraherbergi	8
3.7	Búningsaðstaða – inni/úti.....	9
3.8	Aðstaða fyrir starfsfólk	9
3.8.1	Búningsaðstaða fyrir starfsfólk.....	9
3.8.2	Kaffiaðstaða starfsfólks	9
3.8.3	Aðstaða fyrir baðverði innan búningsklefa	9
3.8.4	Vaktherbergi	9
3.8.5	Skrifstofurými	10

3.9 Snyrtingar	10
3.10 Geymsla - útilaug.....	10
3.11 Geymsla - innilaug	10
3.12 Geymsla - inni	10
3.13 Þvottahús.....	10
3.14 Ræsting.....	10
3.15 Munageymsla	10
3.16 Varðturn	10
3.17 Tæknirými.....	10
3.18 Umferðarrými og ótilgreind stoðrymi	11
3.19 Aðallaug úti.....	11
3.20 Vaðlaug úti.....	11
3.21 Innilaug	11
3.22 Heitir og kaldir pottar	11
3.23 Heit böð	11
3.24 Útisturtur	11
3.25 Lóð	11
4. Húsrýmisáætlun	12
5. Ítargögn	14

1. Almenn atriði

1.1 Inngangur

Í mars árið 2021 skrifuðu Kópavogsbær og Reykjavíkurborg undir viljayfirlýsingu þess efnis að halda skuli sameiginlega hönnunarsamkeppni um Fossvogslaug í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Sundlaugarnar skipa stóran sess í lífsgæðum Íslendinga og er sundmenning hér á landi ólík því sem gerist víða annars staðar í heiminum. Í þjónustu sundlauga birtist mjög vel sá þáttur í menningu borgarbúa sem við tengjum við heilbrigða lífshætti og þau náttúrugæði sem fólgin eru í heitu vatni og nýtingu jarðvarma. Fólk stundar laugarnar í heilsuefandi tilgangi jafnt sem félagslegum og margir myndu kalla sundlaugarnar félagsmiðstöðvar Íslendinga, þar hittist fólk í öllum veðrum og vindum. Sundlaug í Fossvogsdal gæti þar af leiðandi styrkt félagsleg tengsl íbúa hverfanna þvert á sveitarfélagamörk.

Upplýsingar um næstu skref: Að gefnu samþykki bæjarráðs Kópavogs og borgarráðs Reykjavíkur mun forsagnahópur Fossvogslaugar í samráði við Arkitektafélag Íslands undirbúa samkeppni Fossvogslaugar. Meðal annars þarf að skipa dómnefnd og skrifa samkeppnislýsingu fyrir samkeppni sem forsögn þessi verður hluti af. Tillaga forsagnarhóps er að fara í eins þrepa samkeppni að undangengnu forvali. Verið er að vinna að samgöngumati, greiningu á akstursleiðum (einkum fyrir neyðabíla og hreyfihamlaða), lýðfræðigreiningu, ferðavenjukönnun, öryggis- og áhættugreiningu o.fl. m.t.t. staðsetningu nýrrar laugar. Umræddar greiningar verða hluti af forsögn og samkeppnislýsingu.

2. Lýsing verkefnis

2.1 Undirbúningur

Árið 2013 skilaði starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar niðurstöðum um mögulega staðsetningu sundlaugar í Fossvogsdal á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs. Markmiðið var að gera tillögu um heppilegustu staðsetningu sem fest yrði í aðalskipulagi beggja sveitafélaga. Kópavogsbær og Reykjavíkurborg eru sammála um að finna nýrri sameiginlegri sundlaug bæjarfélaganna, Fossvogslaug, stað um miðbik Fossvogsdals, í göngufæri frá grunnskólum dalsins, Snælandsskóla og Fossvogsskóla. Ný laug á að henta fyrir almenningssund, sundkennslu, sundæfingar, námskeið, sundleikfimi, o.fl.

2.2 Markmið

Stefnt er að því að sundlaugin veiti fjölbreytta upplifun og þjónustu fyrir nærliggjandi íbúasvæði og gesti Fossvogsdals. Sundlaugin skal byggð samkvæmt grænum stöðlum. Til að styðja við græn markmið skal ekki gera ráð fyrir almennum bílastæðum við laugina heldur eingöngu fyrir hreyfihamlaða, aðföng og neyðarbíla. Því er nauðsynlegt að tryggja að staðsetning og eðli sundlaugarinnar hafi ekki í för með sér aukna bílaumferð um íbúðahverfin sitt hvoru megin við dalinn.

2.3 Framtíðarsýn

Á undanförunum árum hafa samgönguhjólreiðar á höfuðborgarsvæðinu stóraukist, skrifað hefur verið undir samgöngusáttmála við ríkið og unnið er að undirbúningi Borgarlínu sem mun bæta almenningssamgöngur svo um munar. Þetta styður enn frekar við niðurstöðu starfshópsins frá 2013 um staðsetningu laugarinnar og græna hugmyndafræði.

2.4 Vistvæn hönnun

Öll hönnun og framkvæmd skal vera umhverfisvottuð samkvæmt Breeam Excellent og er lögð áhersla á vistvænar útfærslur í hvívetna allt frá hönnun til notkunar á fullbúnu mannvirki.

2.5 Hönnun og efnisval

Hönnun og efnisval skal taka mið af staðsetningu og grænu umhverfi Fossvogsdals. Um er að ræða mýrlendi og skal grundun og efnisval mannvirkja taka mið af því. Tryggja skal rakaöryggi yfir líftíma mannvirkis (undirbúningur- og hönnun, framkvæmd og notkun).

Tryggja skal góða innivist í íverurýmum byggingar sem stuðlar að vellíðan gesta og starfsfólks. Meðal annars skal koma í veg fyrir glymjanda í opnum rýmum, fyrirbyggja glýju frá ljósugjöfum og tryggja góð loftgæði með vélrænni loftræsingu.

2.6 Notendur

Fossvogslaug mun þjóna skólasundi hverfisins, íbúum aðliggjandi svæða auk gangandi og hjólandi gesta sem öll geta notið laugarinnar og þeirrar aðstöðu sem hún hefur upp á að bjóða. Laugin verður einnig notuð fyrir sundæfingar íþróttafélaga og sundleikfimi eldri borgara.

Gert er ráð fyrir a.m.k. nemendur Fossvogsskóla (360 nemendur), Réttarholtsskóla (400 nemendur), Snælandsskóla (460 nemendur) auk hluta af Álfhólsskóla (572 nemendur) muni nýta sér aðstöðu til sundkennslu.

Áætlaður fjöldi sundlaugagesta á ári hverju er 260 þúsund.


2.7 Starfsfólk

Samtals má búast við um 15-20 stöðugildi við Fossvogslaug. Gera má ráð fyrir um 6 - 8 starfsmönnum laugar á staðnum á hverjum tímapunkti. Einnig þarf að gera ráð fyrir öðru starfsfólki frá tengdri starfsemi, t.d. sundkennarar, þjálfarar og frá veitingasölu.

2.8 Aðalskipulag

Í sveitarfélögunum tveimur eru í gildi aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og aðalskipulag Kópavogs 2019-2040.

Í gildandi aðalskipulagi Kópavogs er svæðið milli byggðar norður að bæjarmörkum skilgreint sem íþróttasvæði, nánar tiltekið "ÍÞ-3". Undir þeim lið í aðalskipulaginu kemur fram: *"Gert er ráð fyrir nýrri sundlaug í dalnum í samvinnu við Reykjavíkurborg"*. Annar staðar undir OP-2.02, sem fellur undir svæði, stendur: *"Sundlaugin yrði fyrst og fremst hugsuð sem hverfislaug sem þjónaði skólasundi á daginn og almenningi eftir lok skóladags. Vegna legu má gera ráð fyrir að hún yrði töluvert nýtt af útivistarfólki sem leggur leið sína um dalinn. Lögð yrði áhersla á vistvænar útfærslur í hvívetna. Aðgengi yrði að miðast aðallega við gangandi og hjólandi þó þannig að hægt yrði að nýta bílastæði við skólabyggingar og Fagralund"*.



Mynd 1: Skjaskot af kortavefsjá, aðalskipulag Kópavogs

Í gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur er svæðið í Fossvogsdal skilgreint sem "OP3" opið svæði, nánar tiltekið borgargarður. Borgargarðar eru samkvæmt AR2040: *"Innan borgargarða er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundiðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum. Samfélagsstofnanir geta verið heimilar, skv. ákvörðun í deiliskipulagi"*.



Mynd 2: Skjaskot af kortavefsjá, aðalskipulag Reykjavíkur

2.9 Deiliskipulag

Í Reykjavík liggur fyrir samþykkt deiliskipulag frá 18. júní 2009 sem tekur á göngu- og hjólastígum í Fossvogsdal á landi Reykjavíkurborgar. Ef koma á fyrir sundlaug í dalnum þyrfti að breyta deiliskipulagi þessu.

Í Kópavogi er til deiliskipulag af íþróttasvæði við Fagralund frá 18. apríl 2008 sem sýnir m.a. hluta gervigrasvallar og skólavöll norðan sveitarfélagsmarkanna og að deiliskipulagssvæðið nái 0.53 ha inn í lögsögu Reykjavíkur. Deiliskipulag hefur ekki verið unnið af öðrum opnum svæðum í Fossvogsdal innan lögsögu Kópavogs.

Deiliskipulag af austurhluta Fossvogsdals, frá ípróttasvæði HK að Smiðjuvegi/Stjörnugróf var samþykkt 18.6. 1996. Þar eru m.a. afmarkaðir 5,3 hektarar sem ípróttasvæði Víkings stækkaði inn í lögsögu Kópavogs skv. samþykkt bæjarstjórnar 18.7. 1993.

Samþykkt skipulag liggur einnig fyrir af Fossvogsdal milli íþróttasvæðis HK og Ræktunarstöðvar Reykjavíkurborgar, sk. Fossvogsmýri. Kópavogsbær og Reykjavíkurborg unnu sameiginlega að skipulagi og endurgerð þessa svæðis 2001-2002.

Ljóst er að staðsetning Fossvogslaugar kallar á breytingu á skipulagi beggja sveitarfélaga.

Sveitarfélögin hafa haft heildardeiliskipulag dalsins í undirbúningi í sameiningu. Lokið verður við það þegar niðurstaða hönnunarsamkeppni Fossvogslaugar liggur fyrir.

2.10 Keppnissvæðið

Fossvogsdalur er einstakt svæði, skjólgott og gróðursælt og þarf hönnun sundlaugarmannvirkis, nánari staðsetning og aðkomuleiðir að taka tillit til þeirrar sérstöðu sem staðsetningin felur í sér. Sundlaugin yrði fyrst og fremst hugsuð sem hverfislaug en vegna legu má gera ráð fyrir að hún verði töluvert nýtt af útivistarfólki sem leggur leið sína um dalinn. Einnig gæti hún orðið vinsæll áfangastaður fyrir útivistarfólk til að hittast.



Mynd 3: Skjaskot af kortavefsíá sem sýnir vænta staðsetningu Fossvaagslaugar

2.11 Ný Fossvogslaug

Sérstaka áhersla þarf að leggja á landslagshönnun í kringum laugina þannig að hún styrki umhverfi dalsins en dragi ekki úr gæðum þess.

Eins og fram hefur komið mun laugin fyrst og fremst þjóna íbúum aðliggjandi svæða og gestum dalsins. Áhersla er lögð á að Fossvogslaug þjóni skólasundi á daginn og hverfinu á öðrum tímum. Laugin þarf því að bjóða upp á fjölbreytta upplifun, svo sem heita- og kalda potta, ýmiskonar heit böð og aðra afþreyingu. Á leiksvæði barna skal ekki koma fyrir stórum rennibrautum heldur annarskonar og minni vatnaleikjum. Í tengslum við laugina skal gera ráð fyrir einfaldri veitingaaðstöðu.

2.12 Lög og reglugerðir

Hönnuðir eru ábyrgir fyrir að verkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og leiðbeininga sem eiga við um þessa framkvæmd. Gildandi lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem eiga við um framkvæmdina eru m.a., en ekki tæmandi talið, eftir því sem við á:

- Skipulagslög og skipulagsreglugerðir.
- Lög um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð.
- Lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001.
- Reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda, nr. 715/2001
- Lög um opinber innkaup, nr. 120/2016.
- Reglugerð um opinber innkaup á evrópska efnahagssvæðinu.
- Lög um framkvæmd útboða, nr. 65/1993 með áorðnum breytingum.
- Reglugerð um brunavarnir og brunamál.
- Reglugerð um raforkuvirki.
- Reglur um holræsagerð.
- Heilbrigðisreglugerð.
- Meðferð jarðstrengja, reglur og leiðbeiningar.
- Reglur vatnsveitna og hitaveitna.
- Lögreglusamþykktir.
- Reglur Vinnueftirlits ríkisins.
- Reglur Löggildingarstofu.
- Rb-leiðbeiningarblöð og sérrit.
- Reglugerð um Orkuveitu Reykjavíkur.
- **Reglugerð 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.**

3. Þarfagreining og húsrýmisþörf

Hér að neðan eru tiltekna helstu þarfir í starfsemi Fossvogslaugar sem mannvirki þarf að uppfylla til að það hæfi starfseminni. Mikilvægt er að hönnuðir nýrrar Fossvogslaugar hafi þarfir notenda og starfsfólks í huga við hönnun. Tryggja skal að neðangreind atriði séu uppfyllt á sundlaugarsvæði.

3.1 Almennt

Við mat á rýmisþörf hefur verið litið til annarra sundlauga í sveitarfélögunum auk þess sem samráð hefur verið við rekstraraðila og notendur. Nánari útlistun á rýmisþörf má sjá hér síðar í greinargerð og í húsrýmisáætlun í næsta kafla.

3.2 Aðgengismál

Mikil áhersla er á að öll mannvirki og sundlaugarsvæði í heild sé aðgengilegt öllum gestum laugarinnar með algilda hönnun að leiðarljósi.

3.3 Aðkoma

Ekki skal gera ráð fyrir almennum bílastæðum við laugina. Aðeins skal gera ráð fyrir bílastæðum hreyfihamlaðra, bílastæði fyrir neyðarbíla, vöruflutninga/aðföng og sorphirðu. Huga skal að mögulegri umferðarstýringu við aðkomu laugar. Lögð er áhersla á að sundgestir komi með vistvænum samgöngumáta. Skoða má samnýtingu á núverandi bílastæðum á bæjar- og borgarlandi, einkum við skóla.

3.4 Afgreiðsla

Í tengslum við aðalinngang sundlaugar skal vera afgreiðsla með afgreiðsluborði og aðgangsstýringu inn í laug. Frá afgreiðslu skal vera góð tenging við aðra hluta laugarinnar. Í tengslum við afgreiðslu skal vera óskilageymsla, þvottarými og lager fyrir söluvörur tengdur afgreiðslu. Huga þarf að góðri hljóðvist í afgreiðslurými. Hluti af afgreiðslu skal vera lokað t.d. þar sem sími er og persónulegir munir starfsmanna afgreiðslu. Gera skal ráð fyrir góðri hirslu/skáparými fyrir óskilamuni við afgreiðslu.

3.5 Veitingasala

Gera skal ráð fyrir einfaldri veitingasölu/aðstöðu í alrými, t.d. í tengslum við afgreiðslu eða anddyri laugar. Dæmi um fyrirhugaða veitingasölu er t.d. einfalt kaffihús og/eða djús og samlokustaður. Sér geymsla/lager þarf að vera í tengslum við veitingasölu. Lágmarks aðstaða skal vera innandyrna en áhersla lögð á góða tengingu við útisvæði og nýtingu þess fyrir borðhald. Gjarnan má nýta tengingu veitingasölu við áningastaði sem einnig eiga að nýtast sem nestisaðstaða fyrir skólabörn og aðra gesti. Aðstaða utandyra á að stuðla að enn frekari eflingu félagsstengsla meðal gesta.

3.6 Sjúkraherbergi

Gera skal ráð fyrir sjúkraherbergi í tengslum við afgreiðslu og laugarsvæði með bekk, lyfjaskáp og öðrum viðeigandi búnaði. Sér aflokað og læsanlegt rými.

3.7 Búningsaðstaða – inni/úti

Skipta skal búningsaðstöðu í þurrsvæði og blautsvæði og í svæði fyrir fataskápa, þurksvæði og sturturými. Snyrtiaðstaða með borði, vaski, speglum og tenglum/hárblásurum þarf að vera á þurrsvæði.

Mikilvægt er að hægt sé að ganga beint út á laugarsvæði úr allir búningsaðstöðu, sérstaklega úr sérklefum.

a) & b) Hafa skal hefðbundna kyngreinda búningsaðstöðu með að lágmarki 100 skápum og 15 sturtur í hvorum klefa, þurksvæði og viðeigandi snyrtingar.

Gera skal ráð fyrir læstum ræstiskáp inn á kleafasvæðum.

c) Einnig skal hafa a.m.k. 2 ókyngreinda sérklefa. Hver sérklefi skal að lágmarki vera 10 m² með snyrtingu, sturtu, bekk og skápum sem uppfyllir aðgengi fyrir alla. Í sérklefum þarf að vera pláss fyrir aðstoðarfólk og þurfa klefar því að vera aðgengilegir utan kyngreindrar búningsaðstöðu.

d) & e) Gera skal ráð fyrir útiklefum með sambærilegri nálgun og er, t.d. í Árbæjarlaug, þ.e. búningsaðstaða úti í tengslum við búningsaðstöðu inni og samnýtt sturturými og salernisaðstaða.

f) Skoða skal útfærslu á sérklefa úti með mögulegri samnýtingu með sérklefa inni.

3.8 Aðstaða fyrir starfsfólk

Koma þarf fyrir aðstöðu fyrir starfsfólk í samræmi við lög og reglugerðir.

Hafa skal sér fatahengi fyrir útifatnað starfsfólks í tengslum við starfsmannainngang.

Vinnurými starfsfólks eru hugsuð sem verkefnamiðuð vinnuaðstaða. Verkefnamiðuð vinnuaðstaða byggir á því að starfsfólk geti valið sér mismunandi vinnuaðstöðu sem hentar hverju sinni. Kostur er að rými séu fjölnýtanleg eftir því sem við getur átt.

3.8.1 Búningsaðstaða fyrir starfsfólk

Ókyngreind búningsaðstaða með læstum fataskápum. Sér aflokuð rými/básar fyrir fataskipti. Sér aflokuð salerni og sturta inn af búningsaðstöðu. Búningsaðstaða skal vera fyrir allt starfsfólk laugar, þ.m.t. þjálfara og sundkennara. Til viðmiðunar skal gera ráð fyrir a.m.k. 30 læsanlegum skápum fyrir föt og búnað starfsfólks.

3.8.2 Kaffiaðstaða starfsfólks

Kaffiaðstaða skal vera fyrir allt starfsfólk laugar í tengslum við aðra starfsmannaaðstöðu. Góð aðstaða fyrir neysluhlé. Eldhúskrókur með ofni, eldavél, uppþvottavél og ísskáp. Viðeigandi borðbúnaður. Huga að fjölnýtingu rýmis, t.d. fyrir fundarhald.

3.8.3 Aðstaða fyrir baðverði innan búningsklefa

Opin aðstaða miðsvæðis sem tryggir góða yfirsýn yfir alla búningsaðstöðu, blautrými og þurrrými. Í aðstöðu baðvarða skal vera pláss fyrir einn starfsmann með borði, stól og hirslu.

3.8.4 Vaktherbergi

Vaktherbergi skal staðsett í varðturni. Tryggja þarf góða yfirsýn yfir laugarsvæði. Í vaktherbergi skal vera gott pláss fyrir einn starfsmann með borði, stól, stóra skjái og hirslur. Einfalt fatahengi/snagar skal vera við inngang vaktherbergis.

3.8.5 Skrifstofurými

Samnýtanlegt opið vinnurými sem 2-3 starfsmenn geta nýtt í einu. Eitt meðalstórt fundarherbergi fyrir 8-10 fundarmenn með hefðbundnum fundarbúnaði.

3.9 Snyrtingar

Fjöldi, gerð og staðsetning snyrtinga fyrir starfsmenn og gesti skal vera í samræmi við lög og reglugerðir. Almennu skulu salerni hönnuð þannig að þau geti verið ókyngreind, þ.e. að hvert salerni sé aflokað með veggjum sem ná frá gólfi og upp undir loftaplötu, með sér hurð, salerni og handlaug í hverju rými.

Hafa skal salerni í tengslum við afgreiðslu/anddyri laugar sem útivistarfólk og annar almenningur getur nýtt á opnunartíma sundlaugar án aðgangsmiða í laug.

3.10 Geymsla - útilaug

Hafa skal sér geymslu í tengslum við útilaug m.a. fyrir kennslugögn, leikföng, kefli, sólbekki, þrifaáhöld o.fl. Mikilvægt að hafa skolvask og skolslöngu í geymslu.

3.11 Geymsla - innilaug

Hafa skal sér geymslu í tengslum við innilaug eða gott rými/gólfpláss á sundlaugarbakka fyrir geymsluvagna fyrir búnað tengdum sundkennslu og æfingum.

3.12 Geymsla - inni

Læsanleg geymsla skal vera fyrir einkennisfatnað starfsmanna og hreinlætisvörur. Geymsla má vera hluti af þvottahúsi og gjarnan í tengslum við afgreiðslu eða starfsmannaaðstöðu.

3.13 Þvottahús

Aflokað og læsanlegt rými með þvottavél, þurrkara og aðstöðu til að þurrka og ganga frá þvotti. Rými skal vera í tengslum við afgreiðsluna. Gera þarf ráð fyrir plássi til geymslu á handklæðum og sundfötum til leigu ásamt tuskum til þrifa í sama rými eða í beinum tengslum við þvottahús.

3.14 Ræsting

Eitt eða fleiri aflæst ræstirými í samræmi við lög og reglugerðir. Sjá kröfu um ræstiskáp innan búningsaðstöðu.

3.15 Munageymsla

Munageymsla skal vera í tengslum við móttöku/afgreiðslu. Um er að ræða lítil sérhólf, sem hægt er að læsa. Stærð hólfa skal vera þannig að koma megir fyrir hjólahjálum ásamt öðrum búnaði sem líklegt er að sundgestir hafi meðferðis.

3.16 Varðturn

Laugarvarðturn þarf að uppfylla öll skilyrði um aðgang að hússtjórnar- og myndavélakerfi auk þess að hafa góða yfirsýn yfir sundlaugar. Gera þarf ráð fyrir góðu aðgengi að varðturninum. Mögulegt skal vera að setja upp öryggiskerfi með gervigreind. Vaktherbergi skal staðsett í varðturni (sjá kröfur til vaktherbergis ofar í skjali).

3.17 Tæknirými

Tæknibúnaði fyrir laug skal helst komið fyrir neðanjarðar á laugasvæði. Þar er gert ráð fyrir inntökum, vatnshreinsun og lögnum, loftræsingum, rafkerfum, klórframleiðslu og sameiginlegri stjórnstöð fyrir allt sundlaugarmannvirkni.

Stærð tæknirýmis þarf að taka mið af stærð og fjölda sundlauga og heitra potta og baða. Til viðmiðunar má gera ráð fyrir að tæknirýmið sé a.m.k. 800-1000 m². Mikilvægt er að klórmælingartæki allra lauga séu á sama stað.

Lofthæð í tæknirými þarf að vera að lágmarki 4 m. Tryggja þarf gott aðgengi að tæknirými og huga þarf að góðu flæði svo auðvelt sé að ferja m.a. salt fyrir klórframleiðslustöð vandræðalaust milli rýma og flutning stærri búnaðar s.s. sandsíur. Eins þarf hönnun rýma að taka mið af viðhalds- og þjónustubörf til framtíðar.

3.18 Umferðarrými og ótilgreind stoðrymi

Ótilgreint. Uppfylla þarf kröfur laga og reglugerða um öryggis- og aðgengismál.

3.19 Aðallaug úti

Útikennslulaug skal vera 25m á lengd og a.m.k. 15 m á breidd með 6 brautum. Laug er misdjúp þannig að hún henti öllum skólastigum við sundkennslu. Laug skal henta almennri sundiðkun og sundkennslu.

3.20 Vaðlaug úti

Vaðlaug má vera hluti af útipottum eða standa sér. Vaðlaug skal þjóna sem leiksvæði fyrir börn með viðeigandi leiktækjum og búnaði.

3.21 Innilaug

Gera skal ráð fyrir einni yfirbyggðri innilaug sem hentar fyrir sundkennslu yngri barna. Viðmiðunarstærð laugar er 12,5m x 8m og skal dýpt laugar vera 0,9m.

3.22 Heitir og kaldir pottar

Óskað er eftir 2-3 gerðum af heitum (a) og köldum pottum. Pottar skulu vera í samræmi við pottamenning íslendinga og þjóna jafnt samskiptum og slökun gesta.

3.23 Heit böð

Óskað er eftir 2-3 útfærslum á blaut- og þurrugufum til slökunar, t.d. einhver með infrarauðu ljósi. Gera skal ráð fyrir að aðgengi sé frá útisvæði sundalaugar.

3.24 Útisturtur

Gera þarf ráð fyrir útisturtu, einkum við heit böð.

3.25 Lóð

Tryggja skal gott flæði og skjól á sundlaugarsvæðinu.

Koma þarf fyrir hjólastæðum og yfirbyggðum skýlum fyrir barnavagna, hjól og annan búnað sem sundgestir kunna að nota.

Koma skal fyrir áningarstað sem nýst getur sundgestum og almenningi utan sundlaugarsvæðis. Huga skal að mögulegri tengingu við veitingasölu.

Huga skal að tengingum við strandblakvelli og aðra afþreyingu sem er til staðar á aðliggjandi svæðum umhverfis laug.

4. Húsrýmisáætlun

Í eftirfarandi húsrýmisáætlun eru talin upp þau rými sem skulu vera til staðar fyrir starfsemi Fossvogslaugar. Upplýsingar um stærðir og fjölda rýma eru aðeins til viðmiðunar og geta breyst eftir yfirferð hönnuða m.t.t. krafa laga og reglugerða. Athugið að hlaupandi númer rýma í töflu eru þau sömu og í kafla 3, t.d. er rými 3.6 **Sjúkraherbergi** úr kafla 3, rými nr. 4.6 **Sjúkraherbergi** í töflu.

Nr.	Rými	Nánari lýsing	Viðmiðunarstærðir	
4.4	Afgreiðsla	Nálægt aðalinngangi sundlaugar skal vera afgreiðsla með afgreiðsluborði og aðgangsstýringu inn í laug.	Ótilgreint	m ²
4.5	Veitingasala	Einföld veitingasala og aðstaða í tengslum við afgreiðslu. Ekki skal gera ráð fyrir miklum borðbúnaði inni fyrir sitjandi gesti.	Ótilgreint	m ²
4.6	Sjúkraherbergi	Sjúkraherbergi í tengslum við afgreiðslu.	10-15	m ²
4.7	Búningsaðstaða – inni/úti			
a	Karlaklefi - inni	A.m.k. 100 fataskápar og 15 sturtur	150	m ²
b	Kvennaklefi - inni	A.m.k. 100 fataskápar og 15 sturtur	150	m ²
c	Sérklefar - inni	2 sérklefar með fataskáp, sturtu og salerni fyrir fatlaða inn í einu rými. Ókyngreint. A.m.k. 10 m ² hvert rými.	20	m ²
d	Karlaklefi - úti	Útibúningsaðstaða fyrir ca. 20 sundgesti í tengslum við sturturými inniklefa.	30	m ²
e	Kvennaklefi - úti	Útibúningsaðstaða fyrir ca. 20 sundgesti í tengslum við sturturými inniklefa.	30	m ²
f	Sérklefi - úti	2 sérklefar með fataskáp, sturtu og salerni fyrir fatlaða inn í einu rými. Ókyngreint. A.m.k. 10 m ² hvert rými.	20	m ²
4.8	Aðstaða fyrir starfsfólk	Aðstaða fyrir starfsfólk í samræmi við lög og reglugerðir.		
4.8.1	Búningsaðstaða fyrir starfsfólk	Ókyngreindur klefi með læstum skápum. Sér aflokuð rými til fataskipta. Sér aflokað slalerni og sturta.	30	m ²
4.8.2	Kaffiaðstaða starfsfólks	Aðstaða fyrir neysluhlé með eldhúsi og borðbúnaði.	25	m ²
4.8.3	Aðstaða fyrir baðverði innan búningsklefa	Opin aðstaða miðsvæðis sem tryggir góða yfirsýn yfir alla búningsaðstöðu í sitthvorum klefanum. Viðmiðurnarstærð rýmis 4-5 fm.	8-10	m ²
4.8.4	Vaktherbergi	Vaktherbergi fyrir laugarvörð.	10-15	m ²

4.8.5	Skrifstofurými	Opið vinnurými (10 fm) auk 8-10 manna fundarherbergi (12-15 fm)	22-25	m ²
4.9	Snyrtingar	Snyrtingar fyrir starfsmenn og gesti í samræmi við lög og reglugerði.	Ótilgreint	m ²
4.10	Geymsla - útilaug	Geymsla í tengslum við útilaugarsvæði fyrir ýmsan búnað.	25-30	m ²
4.11	Geymsla - innilaug	sér geymsla í tengslum við innilaug eða gólfpláss á sundlaugarbakka fyrir geymsluvagna	25-30	m ²
4.12	Geymsla - inni	Læsanleg geymsla fyrir einkennisfatnað starfsmanna og hreinlætisvörur	5	m ²
4.13	Þvottahús	Aflokað og læsanlegt rými í tengslum við afgreiðsluna.	10-15	m ²
4.14	Ræsting	Eitt eða fleiri ræstirými	Ótilgreint	m ²
4.15	Munageymsla	Læstir munaskápar í tengslum við afgreiðslu. c.a. 40x50x50cm hvert hólf.	30	stk
4.16	Varðturn	Gott aðgengi og góð yfirsýn yfir sundlaugar.	20	m ²
4.17	Tæknirými	Tæknirými fyrir inntök, stýringar og kerfi.	800-1000	m ²
4.18	Umferðarrými og ótilgreind stoðrými	Uppfylla þarf kröfur laga og reglugerða um öryggis- og aðgengismál.	Ótilgreint	m ²
4.19	Aðallaug úti	Sundiðkun og kennsla. 6 brautir. Lengd: 25 m Breidd: 15 m. Mesta dýpi: 1,80 m. Minnsta dýpi: 1,10 m	1	stk
4.20	Vaðlaug úti	Afslöpun og leikur. Um 37 °C Botnflötur 15-30 fm	1	stk
4.21	Innilaug	Sundiðkun og kennsla. Lengd: 12,5 m Breidd: 8 m. Dýpi: 0,9 m	1	stk
4.22	Heitir og kaldir pottar			
a	Heitir pottar	2-3 gerðir af heitum pottum á útisvæði	2-3	stk
b	Kaldur pottur	Einn kaldur pottur á útisvæði	1	stk
4.23	Heit böð	2-3 þrjár gerðir af blaut- og þurrugufum.	2-3	stk
4.24	Útisturtur	Útisturta í tengslum við heit böð	1	stk

5. Ítargögn

Fylgiskjal 1: Umferðargreining VSÓ (sjá meðfylgjandi PDF)

Til upplýsingar: Ítarlegri greining á samgöngumati, akstursleiðum, lýðfræðigreining, ferðavenjukönnun, öryggis- og áhættugreiningar o.fl. er í vinnslu. Sú greining verður hluti af (fylgiskjal) forsögn og samkeppni.

Tengill 1: Lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar til 2030:

<https://reykjavik.is/frettir/lydheilsustefna-reykjavikurborgar-til-2030>

Tengill 2: Lýðheilsustefna Kópavogs:

<https://www.kopavogur.is/is/stjornsysla/stefnur-samthyktir-og-erindisbref/lydheilsustefna-kopavogs>

Tengill 3: Aðalskipulag Reykjavíkur 2040:

<https://reykjavik.is/adalskipulag>

Tengill 4: Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040:

<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/adalskipulag>

Tengill 5: Sóknaráætlun Reykjavíkurborgar; Græna planið :

<https://grænaplanid.reykjavik.is/um-graena-planid>

Sjá einnig nánar:

Deiliskipulag: Kópavogur, deiliskipulag af austurhluta Fossvogsdals, frá íþróttasvæði HK að Smiðjuvegi/Stjörnugróf, samþykkt 18.6. 1996.

Sameiginlegt deiliskipulag Reykjavíkur og Kópavogs milli íþróttasvæðis HK og Ræktunarstöðvar Reykjavíkurborgar, sk. Fossvogsmýri, unnið 2001-2002.

Fagrilundur- Félagssvæði HK í Fossvogi, endurskoðun deiliskipulags; 28.02.2001

Fossvogsdalur Deiliskipulag– Tillaga að göngu- og hjólastígum - 11.08.2009

Fossvogsdalur Deiliskipulag – Tillaga skipulagsmörkum við Vigdísarlund - 04.07.2017

Fossvogsdalur miðlunartjarnir - 29.07.2001

07.01.2022

21646

*Dreifing*Elís Bjarnason
Reykjavíkurborg

Höfundur

RÞÞ

Yfirfarið/Samþykkt

SÓ/GMH

Tilfni

Fossvogslaug - Umferðargreining

Staðarval

1 Inngangur

Elías Bjarnason hjá Reykjavíkurborg hafði samband við VSÓ Ráðgjöf vegna staðarvals nýrrar umhverfissvænnar sundlaugar í Fossvogsdal, en gert er ráð fyrir að samgöngur að og frá lauginni verða fyrst og fremst með virkum ferðamátum. Meðal annars var óskað eftir greiningu á fjölda mögulegra notenda sem búa innan þægilegra göngu- og hjólaflarlægða fyrir tvo kosti staðarvals.

Stærri útgáfur þessara korta má finna í viðauka.


1.1 Forsendur

Gengið er út frá tveimur staðarvalskostum nýrrar sundlaugar í Fossvogsdals, sem sjá má á myndum 1 og 2. Sjá má á myndunum bílastæði sem geta verið samnýst með nýrri sundlaug.



Mynd 1

Við Fagralund



Mynd 2

Við Kjarrhólma

Greiningarnar miða við miðpunkt hvors svæðis. Miðpunkturinn er tengdur við göngu- og hjólastíganetið og verður þannig upphafspunktur göngu- og hjólavegalengda í eftirfarandi greiningum.

Notast er við eftirfarandi forsendur varðandi göngu- og hjólahraða:

Miðað er við gönguhraða **5 km/klst**, þar sem sá hraði er talin meðalgönguhraði. Meðalhjólakraði er samkvæmt reiknilíkani hjólaumferðar 18,6 km/klst¹, en þar sem sundlaugin er í botni dals, og gert er ráð fyrir að notendur hennar notist við virka ferðamáta til að komast að henni, þá var ákveðið að miða við hjólakraða **15 km/klst**. Gera má ráð fyrir að þeir sem hjóla að staðaldri þekki sinn hjólakraða og hafi ekki áhyggjur af vegalengdinni. Þá er álitid betra fyrir þennan samanburð að draga frekar úr hraða frekar en ofmeta hann, enda má gera ráð fyrir alls konar fólki, bæði börnum og fullorðnum, sem jafnframt eru misjafnlega vön að hjóla.

Þá ber að taka fram að raunhraði bæði fyrir gangandi og hjólandi verður misjafn að og frá sundlaug, vegna hæðarlegu landsins.

Notast er við gögn þjóðskrár um íbúafjölda og fasteignir frá 01.01.2020.

1.2 Samanburðargreining

Greiningin er unnin samkvæmt fyrirbyggjandi landupplýsingagögnum með þeim hætti að tekið er tillit til raungagna um vegalengdir eftir stígakerfum og gangbrautum. Í einstaka tilfellum er stígakerfið lagfært lítillega til að greiningin skili tilætluðum árangri. T.d. er bætt við stígum að miðpunkti svæðanna beggja. Greiningin er unnin í landupplýsingaforritinu QGIS.

Staðsetning og fjöldi bílastæða í Reykjavík kemur úr landupplýsingagrunni Reykjavíkurborgar. Fjöldi og staðsetning bílastæða í Kópavogi voru unnin úr deiliskipulagsgögnum og kortavefsjá Kópavogs.

1.2.1 Göngu- og hjólagreining

Gerð er greining á hversu margir íbúar eru innan svæðis, þar sem hægt er að komast gangandi og hjólandi á 5 mín, 10 mín, og 15 mín frá sundlaug.

Einnig eru skoðaðar göngufjarlægðir að nálægum grunnskólum sveitarfélaganna.

1.2.2 Almenningsamgöngur

Gæði almenningssamgangna eru metin með eftirfarandi hætti.

- Fjarlægð að stoppistöðvum
- Fjöldi leiða
- Tíðni vagna
- Framtíðaráform um leiðarkerfi

1.2.3 Bílastæðagreining

Kortlagður er fjöldi bílastæða sem er innan skilgreindra göngufjarlægða og metið hvaða starfsemi er í næsta nágranni þannig að álagspunktur notkunar stæðanna með tilliti til mögulegrar samnýtingar liggi fyrir.

Við greininguna er notast við íbúðafermetra og heildarstærðir fasteigna sem og mat á háannatíma sundlauga.


¹[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Dreifilikan_fyrir_hjolandi_umferd_II/\\$file/Dreifil%C3%ADkan%20fyrir%20hj%C3%B3landi%20umfer%C3%B0%20II.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Dreifilikan_fyrir_hjolandi_umferd_II/$file/Dreifil%C3%ADkan%20fyrir%20hj%C3%B3landi%20umfer%C3%B0%20II.pdf)

2 Niðurstöður greiningar


2.1 Göngutímagreining

Á mynd 3 má sjá gönguvegalengdir frá svæði 1 og á mynd 4 má sjá gönguvegalengdir frá svæði 2 miðað við núverandi stígakerfi. (stærri myndir í viðauka)

Í töflu 1 má sjá fjölda íbúa innan þeirra svæða sem markast af göngutíma frá sundlaug.



Mynd 3 Gönguvegalengdir frá svæði 1 – Fagralundi



Mynd 4 Gönguvegalengdir frá svæði 2 – Kjarrhólma

Tafla 1: Niðurstöður göngutímagreiningar fyrir fjölda íbúa			
Göngutími	Svæði 1	Svæði 2	Svæði 1 / Svæði 2
5 mínútur	867	500	1,73
10 mínútur	5.340	3.191	1,67
15 mínútur	11.960	8.889	1,34


Í töflu 3 er einnig sýnd niðurstaða göngutímagreiningar fyrir þá 6 grunnskóla sem næstir eru Fossvoginum.

Í öllum tilfellum er lengri gönguleið frá skólum að svæði 2 heldur en svæði 1.


Tafla 3: Gönguvegalengdir að grunnskóla		
Skóli	Svæði 1 [m]	Svæði 2 [m]
Fossvogsskóli	399	595
Snælandsskóli	154	1.005
Áflhólsskóli – Digranesi	1.108	1.185
Áflhólsskóli – Hjalla	1.025	945
Breiðagerðisskóli	1.257	1.779
Réttarholtsskóli	1.119	1.570

2.2 Hjólagreining

Á myndum 5 og 6 má sjá hjólavegalengdir frá svæðum 1 og 2. Þá má sjá í töflu 2 fjölda íbúa innan hversrar hjólavegalengdar miðað við núverandi stígakerfi.



Mynd 5 Hjólavegalengdir frá svæði 1 - Fagralundur



Mynd 6 Hjólavegalengdir frá svæði 2 - Kjarrhólmur

Tafla 2: Niðurstöður hjólagreiningar með tillit til fjölda íbúa			
Hjólatími	Svæði 1	Svæði 2	Svæði 1 / Svæði 2
5 mínútur	11.960	8.890	1,34
10 mínútur	35.859	33.135	1,08
15 mínútur	79.208	78.822	1,00

Sjá má að svæði 1 kemur mun betur út í þessum þætti greiningarinnar. Mun fleiri íbúar eru í þægilegri göngu- og hjólaferlæggð frá svæði 1.

Sem hluti af samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga hefur verið skilgreint stofnhjólanaet á höfuðborgarsvæðinu. Fossvogsdalurinn er og verður vel tengdur í allar áttir með tilkomu nýrra og endurbættra hjólastíga. Hefur verkfræðistofan Efla tekið saman núverandi stofnhjólanaet sem og hvernig það verður árið 2033, myndir Eflu af stofnstígakerfinu má finna í viðauka.


3 Almenningsamgöngur

3.1 Núverandi

Á myndum 7 og 8 má sjá þau strætóskýli sem eru innan 800 metra göngufjarlægðar frá svæði 1 og 2. (stærri myndir í viðauka) 800 metrar er talin vera þægileg göngufjarlægð á 10 mínútum.



Mynd 7 Fjarlægðir Fagralundar að almenningssamgöngum



Mynd 8 Fjarlægðir Kjarrhólma að almenningssamgöngum

Á vefsíðu Strætó, má finna kort yfir akstursleiðir vagna líkt og þær eru í dag. Kortið má sjá á mynd 9.

Báðar staðsetningar eru innan þægilegrar göngufjarlægðar frá leiðum 4, 35 og 36 og er fjarlægð að þeim mjög sambærileg. Svæði 1 er þó betur staðsett í dag þegar skoðaðar eru stoppistöðvar vagns númer 11, á Bústaðaveginum.

Vagn númer 11 ekur milli Mjóddar og Seltjarnarness.

Sjá má að svæði 1 kemur betur út í þessum þætti greiningarinnar þar sem það svæði er nær stoppistöðvum leiðar 11.



Mynd 9 Leiðir almenningssamgangna í dag²

Tafla 3: Núverandi almenningssamgöngur ³				
Númer leiðar	Tíðni annatíma*	Tíðni utan annatíma*	Innan göngufjarlægðar svæði 1	Innan göngufjarlægðar svæði 2
4	15 mín	30 mín	Já	Já
11	15 mín	30 mín	Já	Nei
35	30 mín	30 mín	Já	Já
36	30 mín	30 mín	Já	Já


* Virka daga

3.2 Framtíðar almenningssamgöngur

Með tilkomu Borgarlínu mun verða breyting á akstri almenningssamgangna um nágrenni Fossvogsdals. Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum Strætó verður akstur líkt og sjá má á mynd 10.

Gert er ráð fyrir að leið O aki eftir Nýbýlavegi, og munu báðar staðsetningar sundlaugar hafa jafnt aðgengi að þeirri leið.

Gert er ráð fyrir að leið K aki eftir Stjörnugróf og vestur eftir Bústaðaveginum, gera má ráð fyrir að stoppistöð verði bæði við Víkingsvöllin, sem og við Fossvogsbrún. Með góðum



Mynd 10 Framtíðaráform almenningssamgangna⁴

² <https://straeto.is/uploads/files/1195-d607846f09.pdf>
³ <https://www.straeto.is/is/timatoflur/1/7>
⁴ <https://eu.remix.com/map/92f93e4b/line/050db4c9?dir=1&latlng=64.12122,-21.89127,12.381>

göngustígum munu báðar staðsetningar sundlaugar hafa jafnt aðgengi að þeirri leið, en í dag er svæði 1 nær þeirri leið.

Þá mun leið J aka Bústaðaveg, og þaðan til norðurs, eftir Reykjanesbrautinni. Mun hún því nýttast svæði 1 líkt og leið 11 gerir í dag.

Tafla 4: Áætlun um framtíðar almenningssamgöngur⁵


Nafn leiðar	Tímabil*	Tíðni*	Innan göngufjarlægðar svæði 1	Innan göngufjarlægðar svæði 2
O	06:00-21:00	15 mín	Já	Já
	21:00-01:00	30 mín		
K	06:00-21:00	15 mín	Já	Já
	21:00-01:00	30 mín		
J	06:00-09:00 14:30-18:00	10 mín	Já	Nei
	09:00-14:30 18:00-21:00	15 mín		
	21:00-01:00	30 mín		

* Virka daga

3.3

Fjöldi og staðsetning bílastæða

Á mynd 11 má sjá skráða notkun fasteigna. Í nálægð við báðar staðsetningar sundlauga er notkun húsnæðis að mestu íbúðarhúsnæði. Á myndum 1 og 2 má sjá þau bílastæði sem talin eru geta samnýst viðkomandi sundlaug.



Mynd 11

Notkun fasteigna í næsta nágrenni Fossvogarins

⁵ Nýtt leiðanet - í vinnslu - febrúar 2021 - <https://eu.remix.com/map/92f93e4b?latlng=64.1222,-21.87854,11.387>

Gönguvegalemdir og staðsetningar bílastæða má sjá á mynd 12. Fjöldi bílastæða á hverju svæði má sjá í töflu 5. Þar má einnig sjá hverjir samnýta bílastæðin með sundlauginni. Á Svæði 1, við Fagralund eru það tveir grunnskólar; Snælandsskóli og Fossvogsskóli, en á svæði 2 er það að mestu íbúðarhúsnæði. Þá er að meðaltali styttra að ganga að bílastæðum á svæði 1, þó geta betri göngustígar bætt aðgengi að bílastæðum sem fjær eru.



Mynd 12 Gönguvegalemdir að bílastæðum

Tafla 5: Niðurstöður bílastæðagreiningar				
Staðsetning bílastæða	Svæði 1		Svæði 2	
	Fjöldi stæða	Samnýtist með	Fjöldi stæða	Samnýtist með
Í Reykjavík	37*	Grunnskóli	142***	Íþróttasvæði
Í Kópavogi	77**	Grunnskóli	130****	Fjölbýlishús og leikskóli
Heild	114		272	

* M.v. bílastæðavefsá Rvk

** M.v. gildandi deiliskipulag

*** M.v. bílastæðavefsá Rvk, núverandi bílastæði beggja vegna Víkingsheimilisins

**** M.v. upplýsingar frá Kópavogsbæ

Miðað við töflu 6 sem sýnir áætlaða nýtingu bílastæða eftir starfsemi húsnæðis samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um bíla- og hjólastæði⁶ má gera ráð fyrir að bílastæðin sem eru nálægt svæði 1, við Snælands- og Fossvogsskóla, séu að mestu upptekin á dagtíma á virkum dögum, en laus utan þess tíma. Bílastæðin við svæði 2, þ.e. bílastæðin við Kjarrhólma eru hins vegar frekar upptekin á kvöldin og um helgar, en minna notuð á hefðbundnum dagvinnutíma.

Möguleikar á samnýtingu bílastæðanna fara því að stærstu leyti eftir áætlaðri notkun sundlaugarinnar, hvort gert sé ráð fyrir að sundlaugin verði í mestri notkun á virkum dögum, um helgar, á kvöldin eða á morgnanna.

Tafla 6: Nýting bílastæða samkvæmt bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar

Tegund húsnæðis	Virkir dagar			Laugardagar	
	Morgun	Síðdegi	Kvöld	Síðdegi	Kvöld
Íbúðir	50%	60%	100%	60%	100%
Íbúðir – gestir	0%	50%	50%	100%	50%
Skólar	100%	100%	0%	0%	0%
Íþróttavellir	30%	60%	90%	90%	90%

4

Valkostagreining

Niðurstöður greininga hér að ofan eru teknar saman í töflu 7. Kosturinn sem er talin betri fær bláan lit, og sá lakari rauðan lit, ef kostir koma báðir jafn vel út fá þeir báðir gulan lit.

Miðað við þessa greiningu virðist svæði 1 vera betri kosturinn með tilliti til samgangna.


Tafla 7: Valkostagreining

Atriði	Svæði 1 Fagrilundur	Svæði 2 Kjarrhólmar
Fjöldi íbúa innan göngufjarlægðar	Fleiri	Færri
Vegalengdir í grunnskóla	Styttra	Lengra
Fjöldi íbúa innan hjólafjarlægðar	Fleiri	Færri
Núverandi almenningssamgöngur	Betri	Verri
Framtíðar almenningssamgöngur	Betri	Verri
Fjöldi bílastæða	Fer eftir nýtingu sundlaugar	Fer eftir nýtingu sundlaugar


⁶ https://reykjavik.is/sites/default/files/27_bila-og-hjolaetaedi.pdf

5 Viðauki


5.1 Stækkuð kort




Mynd 5.1 Gönguvegalemdir frá svæði 1 - Fagralundi



Mynd 5.2 Gönguvegalemdir frá svæði 2 - Kjarrhólma




Mynd 5.3 Hjólavegalengdir frá svæði 1 - Fagralundi




Mynd 5.4 Hjólavegalengdir frá svæði 2 - Kjarrhólma

5.2 Stofnhjólanet



Mynd 5.5 Núverandi hjólaleiðir höfuðborgarsvæðisins, unnið af Eflu fyrir SSH⁷



Mynd 5.6 Hjólaleiðir höfuðborgarsvæðisins árið 2033, unnið af Eflu fyrir SSH

⁷ https://www.ssh.is/images/stories/svaedisskipulag/Hjolaleidir/VIAUKI_B-Stofnleidanet_2020-2033.pdf

